

## Danska 10. bekkur 2019-2020

Markmið dönskukennslunnar er að nemendur kynnist og fái áhuga á danskri tungu og menningu. Þar má víða leita fanga, m.a. í dönsku kvikmynda og sjónvarpsefni sem vinnur sér sífellt stærri sess í þeirri miklu alþjóðavæðingu sem nú á sér stað. Um leið er lögð áhersla á tengingu dönskunnar við íslenskt mál, önnur norræn tungumál og ensku.

Stefnt er að fjölbreyttri kennslu. Nemendur læra hver fyrir sig, í samvinnu, þörum eða hópum. Unnið er með mismunandi texta, úr kennslubókum og af netinu. Notast verður við danska tónlist og kvikmyndir, lesskilningsverkefni og smásögur.

Nemendur fá kennslu í 160 mínútur á viku í dönsku. Kennari er Steinar Tómasson.

Kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í dönsku. Á blaðsíðum 122-138 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um erlend tungumál, - má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir- sjá:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## Námsgögn

Ekko lesbók og vinnubók. Léttlestrarbækur, tímarit, málfræðiheftin Grammatik 1 og 2. Ýmis verkefni, m.a. á Skólavefnum, Námsgagnastofnun og fleiri stöðum. Þá verður talsvert unnið með danskar kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

## Námsmat

Við lok hvernar annar fá nemendur námið metið. Námsmat fer fram með prófum, kynningum á verkefnum, verkefnaskilum, skilum á heimavinnu og mati kennara.